

AUGLÝSING

um gildistöku nýs fasteignamats.

76

30. apríl

Fjármálaráðherra hefur ákveðið, skv. 8. gr. 2. málsg. l. nr. 33/1955 um samræmingu á mati fasteigna, að hið nýja fasteignamat sem ákveðið hefur verið skv. þeim lögum, skuli taka gildi frá og með 1. maí 1957.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1957.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

77

2. maí

Með heimild í athugasemdarákvæði við nr. 11 í 39A kafla tollskrár og sams konar heimild í upphafi XV. flokks tollskrárinnar, hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöldin af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af vörunum verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og þar segir:

Tollskrá:

Kafli	Nr.		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
39A	3—(a)	Umbúðablöð, ólituð, með áletrun, sem ber það með sér, að þau séu ætluð utan um íslenskar afurðir	1 kg	7	8
	6—(a)	Vatnsleiðslupípur úr plasti	—	7	10
	— (b)	Þéttilistar úr plasti, til lokunar á þensluraufar	—	7	10
11—(a)		Netjakúlur úr plasti	—	1	2
	— (b)	Nótaflotholt úr plasti	—	2	2
	— (c)	Flöskur úr plasti	—	2	10
66	11—(a)	Túbur úr alúmíníum og alúmíníumlegeringum	—	7	8

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. lög nr. 98/1956, um bráðabirgðabreytingu á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

Netjakúlur úr plasti skulu bæði undanþegnar yfurfærslugjaldi og innflutningsgjaldi samkv. lögum nr. 86/1956 eins og netjakúlur úr gleri og úr alúmíníum. Nótaflotholt úr plasti eru einnig undanþegin yfurfærslugjaldi og innflutningsgjaldi eins og sams konar vara úr korki. Greiða skal 38.5%, en ekki 60.5%, innflutningsgjald af flöskum úr plasti. Af framangreindum umbúðablöðum, vatnsleiðslupípum og þéttilistum úr plasti skal greiða 12.1% innflutningsgjald.

Auglýsing þessi kemur í stað 1. málsg. auglýsingar nr. 91/1954 og auglýsinga nr. 160/1954 og nr. 94/1955, um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

Fjármálaráðuneytið, 2. maí 1957.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Björn Hermannsson.

B 21